



880. fundur stjórnar GSÍ, 13. Október 2016, kl.17:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Hansína Þorkeldsdóttir, Eggert Á. Sverrisson, Theódór Kristjánsson, Kristín Guðmundsdóttir, Bergsteinn Hjörleifsson, Helgi Anton Eiríksson, Jón Júlíus Karlsson, Þorgerður Kartín Gunnarsdóttir, Rósa Jónsdóttir, Gunnar K. Gunnarsson, Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð samþykkt og undirrituð

#### 2. Styrkur til PGA

Forseti fór yfir forsendur samnings mill GSÍ og PGA um samstarf félaganna tveggja frá því í vor og umsókn PGA um fjárstuðning frá GSÍ. Forseta, Helga Eiríkssyni og Brynjari Geirssyni var falið það verkefni að ná ljúka málinu gagnvart PGA.

#### 3. IGF fundur og HM í Mexíkó

Forseti sagði fundarmönnum frá því sem bar hæst á fundi IGF sem var haldinn í tengslum við HM í Mexíkó á dögnum. Meðal annars hvernig golfíþróttin hefur nú fest sig í sessi á Ólympíuleikum og að keppt verði í golfi á ÓL fatlaðra árið 2024. Einnig voru ræddar breytingar á forgjafarkerfinu með tilkomu "World Handicap System" árið 2020 og vinna sem snýr að einföldun á golfreglunum.

#### 4. Dagskrá formannafundar

Forseti bar undir fundinn og kynnti lokadrög að dagskrá formannafundar sem haldinn verður 12. nóvember á Selfossi. Að því loknu var framkvæmdastjóra falið að senda út ítarlega fundardagskrá á klúbbana.

#### 5. Fjárlagsmálefni GSÍ

Gjaldkeri GSÍ Kristín Guðmundsdóttir og framkvæmdastjóri fóru yfir nýjustu uppgjörstölur og gáfu fundarmönnum þær upplýsingar að afkoma ársins yrði örlítið betri en gert var ráð fyrir í endurskoðaðri áætlun. Einnig hvatti Kristín formenn nefnda að fara að huga að áætlun næsta tímabils.

#### 6. Fatamál GSÍ 2017

Ákveðið hefur verið að ræða við Altís ehf um samstarf með fatnað frá CROSS sportswear til næstu fjögurra ára

Brynjar fór yfir þá aðila sem sýndu samstarfinu áhuga og skýrði fyrir fundarmönnum af hverju CROSS hefði orðið fyrir valinu. Samstarfið verður kynnt formlega í byrjun ársins 2017. Einnig vildi Brynjar þakka ZO-ON ehf fyrir gott samstarf á undanförunum árum.



#### 7. Skýrsla afreksnefndar v. ráðningarferlis þjálfara

Helgi Anton Eiríksson skýrði fundarmönnum frá því hvert afreksnefnd GSI væri komin í þeirri vinnu að endurskoða afreksstefnu GSI ásamt því að finna eftirmann Úlfars Jónssonar landsliðsþjálfara sem mun láta af störfum þann 31. desember 2016. Framundan eru fundir afreksnefndar um þessi málefni og er það ósk Helga að málin séu orðin nokkuð ljós á formannafundi GSI 12. nóvember.

#### 8. Erindi Edwins Rögnvaldssonar

Edwin Rögnvaldsson hélt stutt erindi um að golfhreyfingin þyrfti að opna augun og hugsa út fyrir "kassann" varðandi fjölda hola á golfvöllum eða í golfmótum í framtíðinni.

#### 9. Önnur mál

- Næsti fundur boðaður 01.11.2016 kl.17:00 í fundarsal GSI
- Theódór benti á vel heppnað nýtt fyrirkomulag á Eimskipismótaröðinni og sterkari aðkomu klúbba og bæjarfélaga sem halda slík mót.

Ekki var fleira tekið fyrir á fundinum og honum fundi slitið kl.19:15